

Reykjavík, 11. janúar 2013

## Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

### Varðar: Framkvæmdir við nýja olíubirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfissráðuneytisins dags 2. júlí 2012 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olíubirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olíudreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

#### Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.


#### Lóð

Burðarþolsmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmdu að beiðni Olíudreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina, þrátt fyrir að í samningi um lóðina hefði átt að skila henni byggingarhæfri þann 20. ágúst 2012.

Verkfræðistofan VSÓ gerði sigmælingar og tillögu um fergingu, sem byggt var á við ákvörðun um fergingu. Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ um framkvæmdina sem gerir ráð fyrir afhendingu lóðarinnar til framkvæmda 1. mars 2013.

Eftir að fargið kom á í lok nóvember hafa verið framkvæmdar 3 sigmælingar, eins og sjást á meðfylgjandi línuriti.

Gefa þær ekki til kynna að sigi sé lokið og enga vísbendingu um hvenær sigi kunni að ljúka.



## **Leyfi**

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun, en formlegt samþykki byggingarfulltrúa hefur ekki borst.

## **Framkvæmdir**

Verklegar framkvæmdir eru ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en fergingu er lokið, en undirbúningur útboða og annarra framkvæmda stendur yfir, en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu tekið 3 mánuði frá afhendingu byggingarhæfrar lóðar.

## **Niðurstaða**

Ljóst er því að ekki verður hægt að taka birgðastöðina í notkun og afleggja undanþágustöðvarnar fyrir 31. mars 2013. Hvenær það verður hægt, veltur á þeim tíma sem ferging mun taka. Telur félagið því rétt að bíða með framlengingu ofannefndrar undanþágu þar til tímasetningar fergingar eru betur ljósar og mun senda Umhverfissráðuneyti erindi þar sem þetta er upplýst ásamt ósk um upplýsingar um hvenær í seinasta lagi þurfi að sækja um framlengingu undanþágu, með von um að á þeim tíma komi fram einhverjar vísbendingar um hvenær vænta megi að sigi ljúki.

Undirritaður átti fund með fulltrúa Umhverfisstofnunar, Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 13.12.2012, þar sem farið var yfir stöðu þessara mála og væntanlegar mengunarmælingar á gömlu lóðunum. Á þeim fundi var aðilum gert viðvart að til framlengingar muni koma. Var þeirri stöðu sýndur skilningur.

Virðingarfyllt,  
f.h. Olíudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi